



123. fundur Stúdentaráðs

Þriðjudagur 10. júní 2025 kl. 16:30

Fundarritari: Bríet Stefanía

Mættir:

Dagbjört Elva (Forseti), Bríet Stefanía (Varaforseti) (Teams), Rakel Sif (Fjármálastjóri) (Teams), Rebecca Lísbet, Aldís Mjöll, Guðrún Mist, Hilmar Örn, Jóhannes Már, Aðalbjörn, Katla Ósk, Steindór, Rakel Rún, Sara Lind (Teams) og Örvar (Teams)

Fundur settur: 16:32

Dagskrá 123. fundar Stúdentaráðs

1. Verklagsreglur

- Farið var yfir allar verklagsreglur. Samtals voru þetta 12 skjöl en í fyrra voru þær 11 en bætt var inn 12 reglu sem er verklagsreglur fulltrúa stúdenta í nefndum, ráðum og innan stjórnsýslu HA.
- Verklagsreglurnar voru samþykktar einróma af stúdentaráði.

2. Útilega/Kjarnarskógarpartý

- Við ætlum að skoða það að hafa frekar partý í Kjarnaskóg í staðin fyrir útileguna sem hefur verið reynt að hafa undanfarin ár. Ástæðan fyrir því er vegna lítillar þátttöku undanfarin ár og við teljum að fleiri munu sækja í partý í Kjarnaskóg.
- Við erum ekki komin með endanlega dagsetningu fyrir partýið en það verður líklegast um miðjan/lok júlí.

3. Nýnemadagar

- Á meðan þetta er skrifað er ekki búið að funda um nýnemadagana en það þurfti að fresta fundinum og var því ekki hægt að ræða nánar um þá. Það er þó vitað að Heilbrigðis-, viðskipta-, og raunvísindasvið eru þriðjudaginn 26. ágúst og Hug- og félagsvísindasvið eru fimmtudaginn 28. ágúst.

4. Önnur mál

- Katla Ósk er í stýrishóp sameiningu Háskólans á Bifröst og Háskólans á Akureyri og sagði okkur frá því sem kom fram á fundi sem hún var á.

Fundi slitið 18:49